



Ljónið og íkorninn

Ásgeir Jónsson

Hagfræðideild Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD



Þjónusta íkornans – Dæmisaga Esóps

- Íkorni fékk skipun að ganga í þjónustu ljónsins, konungs dýranna, gegn loforði um að fá vagnhlass af hnetum.
- Hann þrælaði árum saman og þoldi hungur og skort – og horfði á lengdar á félaga sína leika sér í skóginum.
- Þegar íkorninn var orðinn gamall – leysti ljónið hann undan þjónustu og gaf honum vagnhlass af hnetum.
- En þá var íkorninn orðinn tannlaus.





Sparnaður og skylduiðgjald





Lífshlaupslíkanið


- Lífshlaups- eða kynslóðalíkanið (life cycle hypothesis) var upphaflega sett fram af þeim Franco Modigliani og Richard Brumberg árið 1954.
 - Meginforsendan er neyslujöfnun eða *fallandi jaðarnyt*: Hver viðbótareining í neyslu skapar aukna ánægju (nyt) en ánægjan minnkar þegar einingum fjölgar.
 - Heildaránægjan (nytin) af því að borða 2 einingar einn daginn en 4 einingar annan daginn er því minni en að borða 3 báða dagana.
- Sjá einnig Milton Friedman(1956) (permanent income hypothesis): Fólkh vill jafna út tekjum til neyslu yfir ævina til þess að hámarka nyt eða ánægju (utility) í lífinu.
 - Neysla á hverju tímabili ræðst því ekki aðeins af núverandi tekjum heldur einnig af væntingum um varanlegar tekjur út ævina.
 - Ef fólk fær óvæntar eða tímabundnar tekjur mun það leggja þær til hliðar í stað þess að taka tímabundið „neysluæði“.
- **Hvatinn til neyslujöfnunar, einkum sparnaður til efri ára, er lykilatriði fyrir sparnað og fjármunamyndun í öllum samfélögum.**





Eyðsla og sparnaður yfir æviskeiðið


Mynd 2.1 Eyðsla og sparnaður yfir meðalævi





Þróun eignastöðu

Mynd 2.2 Tekjur, neysla og eignastaða meðalmanneskju





Nokkrar niðurstöður lífshlaupslíkansins

- 1. Ef fólki og störfum fjölgar á vinnumarkaði mun það sjálfkrafa leiða til aukins sparnaðar vegna hærri atvinnutekna.**
 - 2. Sparnaður minnkar eftir því sem fleiri fara á eftirlaun og ganga á eignir.**
 - 3. Framleiðni vinnuafls leikur lykilhlutverk fyrir lífeyrissparnað.**
 - Ef framleiðni vinnuafls eykst og raunlaun hækka munu atvinnutekjur og sparnaðar vaxa.
 - Ef fjöldi fólks á vinnumarkaði er stöðugur, sem og fjöldi þeirra sem eru á eftirlaunum, er öll aukning launatekna og sparnaðar rekin áfram af framleiðni starfa.
- Þegar til lengri tíma er litið ætti framleiðni að tryggja að hækkun launa umfram verðbólgu um svona 1-2% á ári.
 - Hver kynslóð ætti að hafa helmingi hærri ævitekjur að raunvirði en foreldrar þeirra.
 - Lækkun framleiðni leitt til krísu í bæði sjóðasöfnunarkerfi og gegnumstreymiskerfi þar sem sparnaður minnkar í hlutfalli við lífeyrisgreiðslur.





Rökin fyrir lífeyrissjóðum

- Lífshlaupslíkanið segir hins vegar ekkert um lífeyrissjóði né skylduiðgjald – enda eru allir fullkomlega framsýnir og skynsamir.
- Rökin fyrir samtryggingu:
 - **Langlífisáhætta.** Þú gætir mögulega lifað lengur en væntingar gera ráð fyrir og orðið uppskroppa með sparnaðinn. Með samtryggingu gefur þú eignir sem verða eftir ef þú lifir skemur gegn því að fá að njóta eigna annarra ef þú lifir lengur.
 - **Markaðsáhætta** – mikil hættu á því að sparnaður einstaklinga sé fjárfest í of fábreyttu eignasafni – t.d. húsnæði og veruleg markaðsáhætta fylgir því að selja eignirnar á þröngu tímabili.
- Rökin fyrir skylduiðtryggingu:
 - **Nærsýnisvandi.** Hátt tímavirði veldur því að fólk á erfitt með að gera áætlanir langt fram í tímann – og vill ekki minnka neyslu í dag vegna einhvers sem gerist eftir einhverja áratugi.
 - **Laumufarþegavandi.** Sú víska liggur fyrir að skattgreiðendur muni sjá fyrir fólki í ellinni sem ekki hefur lagt fyrir sjálft – það skapar þá freistingu að spara ekki.
- Ljóst er að bæði samtrygging og skylduiðgjald mun draga úr öðrum sjálfráðum sparnaði – hægt að deila um hve mikil þau ruðningsáhrif er.





Ávinningur fyrir Ísland


- Neyslujöfnun hefur verið mjög ábótavant – ellilífeyrir hefur verið mjög lágur og tekjutenging hans hefur læst eldra fólk í fátæktargildru.
 - Fátækt eldri borgara er staðreynd héraendis.
- Sjálfstæð sjóðasöfnun var ilmögulega – ef ekki ómöguleg – fyrir Ólafslög 1979 og tilkomu verðtryggingar.
- Söfnun eiginfjár í eigin húsnæði var eiginlega eina sparnaðarformið með jákvæðum raunvöxtum.
 - Ef einhver hefði lagt 100 krónur fyrir árið 1972 sem lífeyrissparnað væri um 15 krónur eftir að raunvirði árið 1979 (ef miðað er við ávöxtun lífeyrissjóðanna á sama tíma).
- Eftirstriðskynslóðin – fólk fædd á árunum 1946-64 – er fyrsta kynslóðin hefur náð að nýta sér núverandi lífeyriskerfi til fulls.
- Þessi kynslóð mun fá sómasamleg eftirlaun – án þess að hækka þurfi skatta.
- Verðtrygging og skylduáskrift að lífeyrissjóði eru því að minnka fátækt á Íslandi sem og tryggja betri neyslujöfnun yfir æviskeiðið.





Eldri borgurum mun fjölga mjög hratt á næstu árum

Mynd 1.3 Fjöldi Íslendinga eftir aldri árið 2013, og síðan árið 2030 og 2060 samkvæmt mannfjöldaspá (miðspá) Hagstofunnar.



Heimild: Hagstofa Íslands.
HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD





Um 3,5% hækkun iðgjalda





Hækkun lífeyrisgreiðslna

- Áætlað er að hækka framlög atvinnurekenda í lífeyrisiðgjöld úr 8% í 11,5% á frá 1. júlí 2016 til 1. júlí 2018.
- Þessi breyting felur í sér 35% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður til samræmingar við opinbera starfsmenn.
- Miðað við núverandi stöðu (og fulla framkvæmd) felur þetta í sér 10-12 milljarða hækkun iðgjalda til lífeyrisjóða á almennum markaði.
- Þannig hækka hrein framlög til lífeyrissjóðakerfisins frá því að vera 40-50 milljarðar yfir til þess að vera 50-60 milljarðar – eða um 25%.
- Lágmarksframlag í lífeyrissjóði verður því eftirleiðis 15,5% af launum – en 19,5% upp í 21,5% ef viðbótarlífeyrissparnaður er tekinn með í dæmið.





Athuga skal...

- Með skylduiðgjaldi er verið að taka ákvarðanir um sparnað fyrir fólk – sem kunna að vera á skjön við hagkvæmustu neyslu yfir ævina.
 - Barneignir og barnaupveldi hlýtur að hækka hagkvæmasta neyslustig um nokkurra ára skeið – hjá flestum kringum árabilið 30-40.
 - Greiðsbyrði vegna húsnæðislána er yfirleitt hæst á aldursbilinu 30-40 ára og lækkar síðan.
- Ef skylduiðgjaldið er of hátt á þessu útgjaldafreka aldri – verður fólk að bregðast við með lántökum til þess að viðhalda hagkvæmasta neyslustigi.
- Of hátt skylduiðgjald getur þannig skapað hvata til lántöku hjá ákveðnum aldurshópum til þess að reyna að tryggja hagkvæmustu neyslu – s.s. vegna barnaupveldis.
- Þá skipta jaðarskattar miklu máli – en háir jaðarskattar gera fólk ómögulegt að bregðast við með því að vinna meira – ungt fólk læsist í fátæktargildru.
- Sambland hárra jaðarskatta og hárra skylduiðgjalda getur þannig leitt til minni lífsánægju – þar sem „manndómsárin“ verða basl.





Þróun hagkvæmustu neyslu í kjölfar barneigna





Aukinheldur...

- Lífeyrissjóðirnir eiga í vaxandi vanda að ávaxta þá fjármuni sem þeir hafa nú þegar – lokaðir innan hafta á Íslandi.
- Aldursskipting landsmanna gerir það að verkum að mikið safnast inn en lítið fer út – það mun þó breytast á næstu árum.
- Stórar kynslóðir á vinnumarkaði skapa ofgnótt sparnaðar er lækkar langtímavexti og hvetur áfram fjárfestingu og hækkun eignaverðs.
- Þegar sparnaðurinn er dreginn til baka til þess að greiða lífeyri – vextir hækka, fjárfesting minnkar og fjármagnsstofn gengur niður.
- Þær eignir sem fólk hefur safnað upp yfir vinnuævina munu lækka í verði og mun minna verður úr að spila á eftirlaunaárunum en reiknað var með.
- Óhagkvæmt er að láta sveiflur í frjósemi stjórna framboði af fjármagni í lokuðu fjármálakerfi og fýsileika fjárfestinga.





Og svo ...

- Í lokuðu hagkerfi eru sparnaður eins – neysla eða fjárfesting annars.
- Það á ekki við um opið hagkerfi – lífeyrисиðgjöld fresta neyslu og skapa viðskiptaafgang – ef sá afgangur er fluttur úr landi mun hann fjármagna neyslu og fjárfestingu erlendra aðila.

Viðskiptajöfnuður = sparnaður – fjárfesting

Viðskiptajöfnuður = þjóðarútgjöld – þjóðartekjur

- Ef markmið með hækkun lífeyrисиðgjalda er að hækka laun án þess að skapa þenslu er lykilatriði að þeim auknu framlögum sé komið til útlanda.
- Lífeyrissparnaður í erlendri mynt er forsenda stöðugleika á smærri myntsvæðum þar sem hlutdeild innflutnings er mikil af neyslu.
- Lífeyrissparnaður á að hafa sömu myntsamsetningu og einkaneysla, er fyrir Ísland er um 40-50%.





Niðurstaða



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIÐEILD



Íkornavandamálið?

- Íslendingar hafa náð frábærum árangri með núverandi lífeyrissjóðakerfi.
- Kerfið er í þann mund að fara að skila verulegum þjóðfélagsábata með bættri neyslujöfnun yfir ævina.
- Almenn fátækt eldra fólks – sem stafar af samblandri lágra ellibóta frá ríkinu og krappri tekjutengingu er á útleið.
- Þegar eftirstríðskynslóðin fer á eftirlaun studd af sinni eigin sjóðasöfnun á næstu árum mun hún halda stöðugri neyslu.
- En hefur verið gengið of langt með því að taka 15,5%-21,5% af tekjum vinnandi fólks og færa fram til elliáranna?
- Horfum við nú fram á fátækt yngra fólks, barnafólks, sem fær ekki að nota tekjur sínar til neyslu þegar þess er mest þörf?

